

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1370
komudagur 19.4. 2005



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis
Landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. apríl 2005

Efni: Frumvarp til laga um gæðamat á æðardúni, 670. mál.

Samtök iðnaðarins telja þær reglur sem ofangreint frumvarp felur í sér óþarfar.

Ekki kemur fram í frumvarpinu hvaða hagsmuni er verið að verja eða hvaða tilgangi frumvarpið þjónar. Vandséð er hvers vegna þarf sérstakt gæðaeftirlit af opinberri hálfu með æðardúni og að fullhreisun sé skilyrði dreifingar innanlands eða utan. Það er í meira lagi sérkennilegt að í upphafi 21. aldar sé verið að setja lög um eiðsvarna dúnmatsmenn sem allir verkendur verða að bera afurðir sínar undir.

Kaupendur dúnsins, þ.e. framleiðendur afurða sem nota dún sem hráefni, eru fullfærir um að leggja mat á gæði þeirrar vöru og þarf ekki opinbert matskerfi til þess. Sérstaka athygli vekur að Félag íslenskra stórkaupmanna, sem kenna sig jafnan við frjálsa verslun, skuli standa að þessu frumvarpi og ætla sér hlutverk í þessu ríkisrekna eftirlitskerfi.

Samtök iðnaðarins telja rétt að hætta við endurnýjun laga um gæðamat á æðardúni en leggja þess í stað til að gildandi lög verði felld niður.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri